

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar, sjerstaklega fyrir biskupnum, að hina umgetnu endurbættu sálmabók má innleiða, til að viðhafa við guðspjónustu í kirkjum og heimahúsum á Íslandi, hvervetna þar sem prestar og söfnuðir koma sjer saman um það. 103 25. ágúst.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sölu** 104  
**hegningarhússins á Húsavík.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. júní þ. á., samþykki jeg hjermeð boð það, 600 kr., sem Stefán búfræðingur Stefánsson frá Fagraskógi, í fjelagi við annan mann, hefur gjört í fanga-húsið á Húsavík, þannig að helmingur kaupverðsins greiðist þegar kaupandanum er lát-ið í tje afsalsbrjef fyrir húsinu, en hinn helmingurinn geti, ef kaupandi æskir þess, staðið 1 ár gegn veði í hinni seldu húseign og lagavöxtum. 28. ágúst.

**Brjef landshöfðingja til hjeraðslæknisins í 13. læknishjæraði, út af fyrirspurn** 105  
**viðvirkjandi borgun fyrir eptirlit með heilbrigðisástandi vesturfara.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra hjeraðslæknir, skýrt frá, að gufuskipið Camoens hafi komið á Vopnafirði 8. s. m., til þess að taka vesturfara fyrir Allánlínuna, en að umboðsmaður hennar, Sigfús Eymundsson, hafi neitað að greiða yður hið lögá-kveðna gjald, fyrir að hafa eptirlit með heilbrigðisástandi umgetinna vesturfara, og hafið þjer spurzt fyrir um, hvort þjer eigið ekki heimtingu á áminnstu gjaldi, og ef svo er, hvar þjer eigið að leita rjettar yðar. 30. ágúst.

Út af þessu vil jeg tjá yður, að eptir fyrirsmælum 8. gr. í lögum 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig af landi í aðrar heims-álfur, skulu, áður en útflutningaskip leggur af stað frá Íslandi, bæði skipverjar og far-þegar rannsakaðir af lækni, sem lögreglustjórinn fær til þess, og eptir 9. gr. sömu laga ber hlutaðeigandi lækni 20 kr. þóknun fyrir slíka rannsókn. Þessum lagafyrirmælum virðist fullnægt með því, að hin fyrirskipaða rannsókn fari fram á þeirri höfn, er út-flutningaskip fer síðast frá, þá er það leggur á stað frá Íslandi, en þar sem gufuskipið Camoens í þeirri ferð sinni, sem hjer ræðir um, kom á Seyðisfjörð og tók þar vestur-fara eptir að það hafði komið á Vopnafirði, og þannig lagði af stað alfarið frá Seyðis-firði en ekki frá Vopnafirði, þá bar umboðsmanni Allánlínunnar ekki skylda til að láta rannsaka heilbrigði skipverja og farþegja fyr en á Seyðisfirði. Það þjer heldur ekki hafið fært sönnur á, að yður hafi verið falið af hlutaðeigandi lögreglustjóra að fram-kvæma optnefnda rannsókn, nje að þjer í raun og veru hafið litið eptir heilbrigði vest-urfara þeirra, er fóru frá Vopnafirði, þá fæ jeg ekki sjeð að þjer eigið neitt tilkall til borgunar þeirrar, sem framannefnt erindi yðar hljóðar um.

**Brjef landshöfðingja til stiptysfirvalda Íslands um lán til kirkjubyggingar.** 106  
 — Út af þóknanlegu brjefi hinna heiðruðu stiptysfirvalda, dags. 24. þ. m., og bónar-brjefi því, frá prófasti sjera Páli Ólafssyni á Prestsbakka, er því fylgdi, veiti jeg hjer með Staðar prestakalli í Hrutafirði 600 kr. lán úr landssjóði til kirkjubyggingar á Stað, þannig að lán þetta verði ávaxtað með 4% árlega og endurborgað á næstu 10 árum, með 60 kr. á ári hverju. 30. ágúst.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um linnu** 107  
 30. ágúst.